

---

#### IV. EDDU-BROT<sup>1</sup>.

---

Allt er hlióð þat er vm kuikendiss eyra ma skilia. hlióð hefir margar kynkvíslir. Nu verðr hlióð allt þat sem eyru megu nátturliga greina af samkuomu tveggja líkama. Aunnur hlióðs grein er su sem heilógh ritning segir andliga hlute<sup>2</sup> hlióða. Líkamlíkt hlióð verðr annat af líflegum hlutum en annat af líflausum hlutum. Þat hlióð sem heyriz af líflegum hlutum verðr annat af hrériligum hlutum en annat af ohrérilegum annat af samkvomu hrérilígra hluta ok ohrérilegra. Af hrérilegum hlutum verðr hlióð sem af vindum ok vótum. af ohrérilegum hlutum<sup>3</sup> hlióð sem af steinum éða malme éða streingium ok verðr þo þersskyns hlióð íafnan af hréring nockurs líkama líflegs éða olíflegs. af samkvomu hrérilegra hluta ok ohrérilegra verðr hlióð sem þa er vindr éða elldr éða vótn slérr sinu afle við ióð éða aðra ohrérilega hlute. Hlióð þat er verðr af líflausum hlutum er sumt ogréinelekt svo sem vinda gnyrr éða vatna þytr éða reidar þrumur en sumt hlióð er greinlíkt eftir nátturlegri samhlióðan þeirri sem philosophi kaulluðu musikam. verðr þat hlióð eð efzta ok eð ézta af hréring þeirra .vij. bringa er sol ok tungl ok fim mmerkisstíðrnur reika vm þér er planete heitu ok heitir þat hlióð celestis armonia suosem himnesk hlióða grein. Greinlíkt hlióð verðr j líflausum hlutum þeim sem ver kóllum skemtánar tól sem er j streingium ok pípum ok allzkyns saungfêrum j kluckum ok j óðrum malme. J líflegum hlutum ok vitlausum verðr

---

<sup>1</sup>) *Fragmentum membranaceum Arnarnagnæanum Nr. 757 in 4to.* — <sup>2</sup>) *in margine eadem manu.* — <sup>3</sup>) *excidit: verðr.*

hlióð sem j viðum ok j grósum ok þo af hréringh nockurss hrérulegs likama. Af lifande hlutum þeim er skyn hafa verðr annat hlióð þat er rôdd heitir en annat þat sem eigi er rôdd. sva sem fótastapp eða handaklapp eða annat þuilikt. Ródd er hlióð framfært af kuikuendiss munne formerat af niu natturligvm tolum lungum ok barka tunngu ok tueim vórrum ok florum tónnum. Enn priscianus segir rôdd vera hið granlegzta loptzins högg ok einkanliga eyrum skilianlikt. Ródd greiniz a marga uega. annur rôdd er ritanleg en ænnur oritanleg. Su er oritanleg sem eigi ma stófum greina. Ritanleg rôdd er ónnur merkileg en annur omerkilegh. Su er omerkileg sem til engrar nytsamlegrar merkingar er sett sem bumbo biccix. Merkilegh rôdd er annur af natturu en annur af setning eða sialfuilia. Merkiligh rôdd af natturu er barnagratr eða siukra manna stynr eða annat þuilikt. Merkilegh rôdd af setningu er su er framfæriz af sialfuilia mannzens suo sem þetta u(m). Maðr merkir kuikennde skynsamlegt ok dauðlikt.

<sup>1</sup> Stafr er hinn minnzte hlutr samsettrar raddar sa sem rita ma ok er stafr kallaðr hinn minnzte hlutr j þvi sem tilheyrir allre samsetning staffigrar raddar þviat ver skiptum békr j kapitula enn kapitula j klausur eða vers en klausur j malsgreinir mals greinir j sagnir sagnir j samstófur samstófur j stafe. En þo eru stafir natturliga óskiptilegir þviat stafr er rôdd en rôdd er lopt eðr af lopte formerat. En hvart sem rôdd er lopt eða loptz formeran þa er hon samsett af sinum paurtum suosem loptið með þvi at þat er likamlegt ok aller likamir eru samansetter af sinum paurtum. en jafn hlutr verðr af jöfnu efne at geraz suo sem hold af holde. Enn svo sem j natturlegum hlutum<sup>2</sup> eru nockurir þeir hlutir sem einfalldir kallaz suo sem florar hófutskepnur elldr ok jórð vatn ok lopt ok kallaz þessir hlutir eigi af þvi einfalldir at þeir se oskiptilegir helldr af

<sup>1</sup>) *Literæ initiali et rubro vacuum spatium relictum est.* —  
<sup>2</sup>) *sic membr.; rect. líkómum.*

þvi at huerss þeirra j. hlutr er iafn sinu öllu suo sem litill gneiste hefir jafna natturu hinu mesta báále. Suo eru ok stafir oskiptilegir j misiöfnu efni. eða j þa hlute sem oliker eru. þviat a eða aðrir raddarstafir hafa stundum skamt hlióð en stundum langt ok ef þeir hafa langt hlióð þa hafa þeir tuo tima. Philosophi kólluðu stafena elementa. þat þyðir hófutskepnur. þviat suo sem aller likamer eru skapader af florum hófuðskepnum suo gera ok stafuir samsettir alla staffiga rôdd. suo sem nóckurskonar likam. þviat rôdd tekr eyru ok hefir þrenna mélingh suo sem allt annat þat sem likamlikt er. þat er héd ok leingd ok breidd. Héd er upp ok ofan. en leingd fyrir ok eftir en breidd er til hégri hannar ok vinstri þviat rôddin ma öllum megin heyrar. Samstófur hafa hédir j hlióðsgrein en breidd j annda. en leingd j tima. þviat huer samstafa er annaðhuort huóss eða þunng eða vmbeygilegh. Hvóss hlióðsgrein er su sem skiotlega fer framm með upp hölldnu hlióðe suo sem þessi samstafa huat. þunng hlióðsgrein er su sem hefz af lagu hlióðe ok dregz niðr j enn légra hlióð. sem hin fyrsta samstafa þessa nafns. hareyste. vmbeygileg hlióðsgrein er su sem hefz af litillatu hlióðe ok hefr sik upp þaðan j hvassa hlióðs grein en fellr niðr at lyktum j þunga hlióðsgrein svosem þetta nafn. hraustr. Huerr<sup>1</sup> samstafa hefir annathuart j frammlutningh linan annda eða snarpan ok er sa annde her kallaðr hréringh frammlutningar samstófu. Með snórpum annda verðr samstafa framfêrd suo sem hin fyrri samstafa þessa nafns þurvir. Með linum annda flytiaz samstófur suo sem þessar. langan tima. Hverr samstafa er annathvart lönngh eða skómm ok er skómm samstafa skiótt frammlutt suo sem hin fyrri samstafa j þessu nafne. Are. lönngh samstafa er seinliga frammlutt ok hefir tuer stundir suo sem hin fyrre samstafa j þessu nafni hare. Stund eða tíme er kallaðr duól mélande frammlutningh raddar.

<sup>1</sup>) *sic (Hu'r), membr.*